

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur 2021

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Kt. 540891-1419

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|----|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |
| Sundurliðanir | 10 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Myndhöfundasjóðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2021, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 30. maí 2022



Ásbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.,
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi sjóðsins er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknanir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Þrír starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu 2021 í hlutastörfum.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2021 kr. 20.984.711. Eigið fé sjóðsins í árslok nam kr. 59.155.028. Á árinu 2021 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 16.250.000.

Gerðardómur féll 25. maí 2022 vegna deilna milli aðildarféлага IHM, Innheimtumiðstöð gjalda, um skiptingu fjár milli félaga innan IHM. Niðurstaða dómsins var að hlutur Myndstefs verður 7% á árunum 2017 - 2027 en var áður 5,8%. Vegna þess hve skammur tími er liðin frá dómnum, liggja fjárhagsleg áhrif hans ekki fyrir.

Myndstef hefur haft umtalsverðan kostnað af rekstri málsins. Á árinu 2021 er útlagður beinn kostnaður um 1,9 millj. kr. og á árinu 2022 er kostnaðurinn þegar orðin um 3,7 millj. kr. Ljóst er að endanlegur kostnaður verður hærri, enda eiga samtökin eftir að greiða lögfræðikostnað vegna málflytninga.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. maí 2022



Rekstrarreikningur 2021

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2021 | 2020 |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Höfundaréttartekjur | 6 | 40.566.862 | 37.309.018 |
| Fylgiréttargjöld | 7 | 9.937.840 | 6.183.415 |
| | | <u>50.504.702</u> | <u>43.492.433</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 19.601.899 | 13.181.637 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 9.906.772 | 6.309.446 |
| | | <u>29.508.671</u> | <u>19.491.083</u> |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 20.996.031 | 24.001.350 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | |
| Vaxtatekjur | | 35.479 | 182.987 |
| Vaxtagjöld | | (51.934) | (45.083) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (6.868) | (6.588) |
| Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda | | 12.003 | 19.135 |
| | | <u>(11.320)</u> | <u>150.451</u> |
| Hagnaður til ráðstöfunar | | 20.984.711 | 24.151.801 |
| Styrkveitingar | | | |
| Verkefnastyrkir | | (12.750.000) | (12.750.000) |
| Ferða- og menntunastyrkir | | (2.250.000) | (1.950.000) |
| Aðrar styrkveitingar | | (1.250.000) | (400.000) |
| | | <u>(16.250.000)</u> | <u>(15.100.000)</u> |

Efnahagsreikningur

Eignir

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|-------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 133.013 | 185.696 |
| Eignir fylgiréttarsjóðs | | 19.378.465 | 15.512.910 |
| Handbært fé | | 62.852.747 | 59.313.679 |
| | | <u>82.364.225</u> | <u>75.012.285</u> |
| Veltufjármunir samtals | | <u>82.364.225</u> | <u>75.012.285</u> |

Eignir samtals

82.364.225

75.012.285

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|----------------------------------|----------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé | | | |
| Fylgiréttarsjóður | | 4.895.885 | 3.190.871 |
| Annað eigið fé | | 54.259.143 | 51.229.446 |
| Eigið fé samtals | 4 | 59.155.028 | 54.420.317 |
| | | | |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreidd höfundaréttargjöld | | 7.109.760 | 6.811.054 |
| Ógreidd fylgiréttargjöld | | 13.482.581 | 12.322.039 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.616.856 | 1.458.875 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 23.209.197 | 20.591.968 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 23.209.197 | 20.591.968 |

Eigið fé og skuldir samtals 82.364.225 75.012.285

Sjóðstreymi 2021

| Handbært fé frá rekstri | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|-------|--------------|--------------|
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 20.996.031 | 24.001.350 |
| Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 20.996.031 | 24.001.350 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur | | 52.683 | (146.742) |
| Skammtímaskuldir | | 2.617.229 | 3.778.076 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 23.665.943 | 27.632.684 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 35.479 | 182.987 |
| Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda | | 12.003 | 19.135 |
| Greidd vaxtagjöld | | (51.934) | (45.083) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | (6.868) | (6.588) |
| Handbært fé frá rekstri | | 23.654.623 | 27.783.135 |
| Fjármögnunarahreyfingar | | | |
| Styrkveitingar ársins | | (16.250.000) | (15.100.000) |
| Fjármögnunarahreyfingar | | (16.250.000) | (15.100.000) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 7.404.623 | 12.683.135 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 74.826.589 | 62.143.454 |
| Handbært fé í árslok | | 82.231.212 | 74.826.589 |
| Skipting handbærs fjár | | | |
| Fylgiréttarsjóður | | 19.378.465 | 15.512.910 |
| Myndhöfundasjóður | | 62.852.747 | 59.313.679 |

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknana fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Lögheimili sjóðsins er að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

| | 2021 | 2020 |
|-------------------------------------|------------|------------|
| Laun | 15.908.204 | 10.505.180 |
| Launatengd gjöld | 3.693.695 | 2.676.457 |
| Laun og launatengd gjöld alls | 19.601.899 | 13.181.637 |

Greidd voru laun til 3 starfsmanna í hlutastörfum en auk þess til 4 stjórnarmanna á árinu. Laun stjórnarmanna námu 2,4 millj kr.

Skýringar

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Fylgiréttar- sjóður | Annað eigið fé | Samtals |
|----------------------|------------------------|-------------------|--------------|
| Eigið fé 1/1 | 3.190.871 | 51.229.446 | 54.420.317 |
| Afkoma ársins | 2.705.014 | 18.279.697 | 20.984.711 |
| Styrkveitingar | (1.000.000) | (15.250.000) | (16.250.000) |
| Eigið fé 31/12 | 4.895.885 | 54.259.143 | 59.155.028 |

5. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

| | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|--------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------|
| Höf.r.tekj. brúttó ... | 42.716.006 | 41.094.524 | 52.607.371 | 24.820.050 | 36.861.605 |
| Fylgir.tekj. brúttó | 36.079.987 | 21.862.191 | 11.479.495 | 19.880.304 | 18.694.290 |
| Hagnaður | 20.984.711 | 24.151.801 | 29.294.550 | 9.932.648 | 19.473.659 |
| Styrkveitingar | (16.250.000) | (15.100.000) | (10.750.000) | (13.190.000) | (6.940.000) |
| Eigið fé | 59.155.028 | 54.420.317 | 45.368.516 | 26.823.966 | 30.081.318 |

Sundurliðanir

| | 2021 | 2020 |
|---|-------------------|-------------------|
| 6. Höfundaréttartekjur | | |
| Fjölís | 21.816.038 | 23.211.279 |
| IHM | 13.285.451 | 9.241.443 |
| Samningar með samningskvöð | 4.754.498 | 3.852.155 |
| Aðrir innlendir aðilar | 1.580.354 | 3.790.336 |
| Erlendar greiðslur | 1.279.665 | 999.311 |
| | <u>42.716.006</u> | <u>41.094.524</u> |
| Hlutdeild höfunda | (2.288.017) | (3.831.717) |
| 80% hlutdeild Myndstefs | 138.873 | 46.211 |
| | <u>40.566.862</u> | <u>37.309.018</u> |
| 7. Fylgiréttargjöld | | |
| Fylgiréttargjöld ársins innlend | 35.156.511 | 20.546.125 |
| Fylgiréttargjöld ársins erlend | 923.476 | 1.316.066 |
| | <u>36.079.987</u> | <u>21.862.191</u> |
| Hlutdeild höfunda | (28.887.396) | (17.489.754) |
| | <u>7.192.591</u> | <u>4.372.437</u> |
| Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80% | 2.745.249 | 1.810.978 |
| | <u>9.937.840</u> | <u>6.183.415</u> |
| 8. Annar rekstrarkostnaður | | |
| Lögfræðipjónusta/innheimta | 1.938.988 | 597.703 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 1.922.651 | 1.699.502 |
| Bókhaldspjónusta | 917.290 | 1.336.522 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 835.558 | 64.000 |
| Tölvukostnaður og forrit | 315.292 | 274.536 |
| Húsaleiga | 2.037.812 | 775.840 |
| Sími, Internet og póstburðargjöld | 334.257 | 280.634 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 60.951 | 454.306 |
| Annar skrifstofukostnaður | 91.254 | 66.955 |
| Ferðakostnaður | 198.945 | 0 |
| Gjafir og styrkir | 75.777 | 42.285 |
| Auglýsingar | 24.301 | 22.300 |
| Starfsmannakostnaður | 318.255 | 204.788 |
| Nefndarlaun | 610.000 | 284.400 |
| Fundakostnaður | 91.041 | 100.977 |
| Tryggingar | 52.144 | 59.137 |
| Annar kostnaður | 82.256 | 45.561 |
| | <u>9.906.772</u> | <u>6.309.446</u> |

Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

| | 2021 | 2020 |
|--|-------------------------|-------------------------|
| Uppruni fjár | | |
| Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning..... | 9.937.840 | 6.183.415 |
| Vaxtatekjur ársins | 15.387 | 10.749 |
| | <u>9.953.227</u> | <u>6.194.164</u> |
| Ráðstöfun fjár | | |
| Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur..... | 26.364 | 24.458 |
| Þóknun Myndstefs..... | 7.221.849 | 4.372.438 |
| Styrkir..... | 1.000.000 | 0 |
| | <u>8.248.213</u> | <u>4.396.896</u> |
| Breyting eigin fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi..... | <u><u>1.705.014</u></u> | <u><u>1.797.268</u></u> |
| Til ráðstöfunar | | |
| Handbært fé 31/12..... | 19.378.465 | 15.483.651 |
| Ofgreidd fylgiréttargjöld..... | 0 | 29.259 |
| | <u>19.378.465</u> | <u>15.512.910</u> |
| Ógreitt sérgreindum höfundum..... | (13.482.580) | (12.322.039) |
| Ógreiddur styrkur..... | (1.000.000) | 0 |
| Nettó eign sjóðsins 31/12 sbr. skýr 4 í ársreikningi..... | <u><u>4.895.885</u></u> | <u><u>3.190.871</u></u> |